


Hvað finnst ykkur?

Eru félagsleg og efnahagsleg réttindi munaður sem íbúar auðugra landa eiga einir að njóta?

Málefni	Almenn mannréttindi, borgaravitund, fátækt
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	Hver sem er
Tími	50 mínútur
Yfirlit	<p>Í þessu verkefni fara fram umræður um:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Grundvallarskilyrði mannvirðingar. • Vægi borgaralegra/stjórn mála legra réttinda og félagslegra/ efnahagslegra réttinda. • Skyldur stjórnvalda hvað varðar félagsleg og efnahagsleg réttindi.
Tengd réttindi	Öll.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að öðlast skilning á því í hverju munurinn á borgaralegum/stjórn mála legu réttindum og félagslegum/efnahagslegum réttindum er fólgin. • Að hugleiða nokkur þeirra flóknu málefna sem tengjast því að standa vörð um réttindi. • Að nýta og þroska hæfni til að taka þátt í umræðum og rökræða.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Eitt eintak af staðhæfingunum. • Stórar pappírsarkir eða flettistöflublöð, pennar. • Snæri eða krít (valfrjálst). • Eintök af styttri útgáfu Mannréttindayfirlýsingar SP (valfrjálst).
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Búðu til tvö veggspjöld. Á öðru skal standa „Ég er sammála“ en á hinu „Ég er ósammála“. Festu þau upp andspænis hvort öðru þannig að hægt sé að draga beina línu á milli þeirra. (Hægt er að draga línuna með krít eða nota bandspotta).

Leiðbeiningar

1. Fyrst skaltu gera stuttlega grein fyrir því í hverju munurinn á borgaralegum/stjórn mála legu réttindum og félagslegum/efnahagslegum réttindum er fólgin.
2. Haltu fimm mínútna hugarflugsfund um hin ýmsu réttindi sem falla undir hvorn flokk fyrir sig. Skrifaðu viðkomandi réttindi á flettistöfluna undir fyrirsögnunum borgaraleg/ stjórn mála legr réttindi annars vegar og félagsleg/efnahagsleg réttindi hins vegar.
3. Skýrðu fyrir þátttakendum að næst munir þú lesa upp nokkrar staðhæfingar sem þeir kunni að vera meira eða minna sammála.
4. Bentu þeim á hinar tvær afdráttarlausu yfirlýsingar, „ég er sammála“ og „ég er ósammála“ á veggspjöldunum. Segðu þátttakendum að taka sér stöðu einhvers staðar á (ímynduðu) línunni, og vera eins nálægt þeim sem eru með sömu skoðanir og þeir og mögulegt er. Þeir mega ræða lítillega saman á meðan þeir stilla sér upp.



Lykildagsetning

Alþjóðadagur sjálfbodaliða
um efnahags- og félags-
lega þróun

5. Lestu upp staðhæfingarnar, eina af annarri; sumar staðhæfinganna má lesa án þess að stoppa á milli en stundum þarf að taka stutt hlé fyrir umræður.
6. Hvettu þátttakendur til íhugunar og umræðna. Spyrðu þá sem standa við enda línunnar hvers vegna afstaða þeirra sé svo afdráttarlaus. Spyrðu einhverja nálægt miðju hvort staða þeirra gefi til kynna skoðanaleysi eða þekkingarskort.
7. Leyfðu þátttakendum að færa sig um set þegar þeir heyra álit hinna.
8. Þegar upplestrinum er lokið skaltu kalla hópinn aftur saman.

Samantekt og mat

Fyrst skal fjalla um verkefnið sjálft og ræða síðan um þann lærdóm sem þátttakendur drógu af því.

- Var spurt um eitthvað sem þátttakendum fannst ómögulegt að svara – annaðhvort vegna þess að þeir gátu ekki gert upp hug sinn eða vegna þess að spurningin var illa orðuð?
- Hvers vegna færði fólk sig um set á meðan umræðurnar fóru fram?
- Voru þátttakendur hissa á því hve ósammála þeir voru?
- Er í lagi að vera ósammála um mannréttindamál?
- Telja þátttakendur að hægt sé að segja að fullyrðingarnar séu „réttar“ eða „rangar“, eða er bara um persónulega skoðun að ræða?
- Er hugsanlegt að allir geti einhvern tíma orðið sammála um mannréttindi?
- Er grundvallarmunur á þessum tveimur (fyrstu) „kynslóðum“ mannréttinda: borgaralegra/stjórnmalalegra réttinda og félagslegra/efnahagslegra réttinda? Er hægt að greina á milli hvor flokkurinn er mikilvægari?
- Þurfum við á einhverjum fleiri réttindum að halda? Væri hægt að hugsa sér þriðju „kynslóð“ réttinda?

Ábendingar til leiðbeinanda

Þetta verkefni snertir öll mannréttindi, en þó einkum félagsleg og efnahagsleg réttindi; sem dæmi má nefna réttinn til að vinna og eiga frístundir, og til að njóta heilbrigðisþjónustu og grundvallarlífskjara. (Greinar 16 og 22–29 í Mannréttindayfirlýsingunni.)

Staðhæfingarnar hér á eftir eru settar fram til að vekja athygli á umræðum sem eiga sér stað um muninn á borgaralegum/stjórnmalalegum réttindum annars vegar og félagslegum/efnahagslegum réttindum hins vegar. Ekki þarf nákvæmar útskýringar í upphafi því að ýmis atriði munu koma upp í umræðunum.

Tvö atriði er þó ef til vill vert að benda á. Í fyrsta lagi þann einfalda mun að borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi eru hinar siðferðislegu kröfur sem við gerum til stjórnvalda varðandi borgaraleg og stjórnmalaleg málefni, svo sem rétturinn til sanngjarnna réttarhalda, kosningaréttur, skoðanafrelsi o.s.frv.; og félagsleg og efnahagsleg réttindi eru þær kröfur sem tengjast félagslegum og efnahagslegum málefnum – svo sem heimilisleysi, ófullnægjandi heilbrigðisþjónustu, fátækt o.s.frv. Vísað er til fyrrnefndu réttindanna sem fyrstu kynslóðar mannréttinda og hinna síðarnefndu sem annarrar kynslóðar mannréttinda, í þeirri tímaröð sem þau voru viðurkennd sem almenn mannréttindi meðal þjóða heims.

Í öðru lagi má benda á að sumir gera mjög skýran greinarmun á hinum ýmsu réttindum. Margir hafa lýst því yfir að félagsleg og efnahagsleg réttindi séu annaðhvort ekki eins mikilvæg og/eða erfiðara sé að tryggja slík réttindi en borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Aðrir draga það í efa. Nánari upplýsingar um þetta eru í 4. kafla.

Hægt er að hressa upp á minni þátttakenda með því að láta þá fá eintak af styttri útgáfu Mannréttindayfirlýsingarinnar strax í upphafi, eða lesa fyrir þá nokkrar greinar upp úr henni og biðja þá að flokka þær. Almennt er talað um að 16. grein og 22. til 29. grein fjalli um félagsleg og efnahagsleg réttindi.

Hægt er að láta þann hluta verkefnisins þegar þátttakendur stilla sér upp við línuna taka stuttan tíma og hafa umræður stuttar þá, en velja tvær eða þrjár staðhæfingar og fjalla nánar um þær í hóp-umræðunni. En þó er æskilegt að gera stundum hlé á dagskránni til að þátttakendur fái tóm til að velta einhverjum atriðum fyrir sér og hugleiða hvort þeir hafi svipaða afstöðu og hinir.

Tilbrigði

Leiðbeinandinn getur samið fleiri staðhæfingar eða fengið þátttakendur til að gera það.

Tillögur um framhald

Hægt er að skipuleggja formlegar umræður um eitthvert tiltekið málefni, biðja þátttakendur að undirbúa rök sín og hafa svo atkvæðagreiðslu í lok umræðnanna. Hægt væri að bjóða öðru ungu fólki eða opinberum aðilum að taka þátt í umræðunum.

Það er mikilvægt að kynna sér mannréttindi en ekki er síður nauðsynlegt að vera virkur í samfélaginu og gæta þessara réttinda. Verkefnið „Atkvæðasmölun“ á bls. 81 er einnig áhugavert. Þar er fjallað um hvernig telja má aðra á sitt band.

Hugmyndir um aðgerðir

Hægt er að hafa samband við innlend félagasamtök sem vinna að mannréttinda- og velferðarmálum og kanna hvort hópurinn getur lagt eitthvað af mörkum.

Nánari upplýsingar

Í 4. kafla er ítarefni um kynslóðir mannréttinda, þar með talin kynning á „þriðju kynslóð“ mannréttinda.

EFNI TIL DREIFINGAR

Staðhæfingar:

- Það er mikilvægt að eiga þak yfir höfuðið en að geta sagt hvað sem maður vill.
- Það er skylda fólks en ekki réttindi að stunda vinnu.
- Það er grundvallarskylda allra stjórnvalda að tryggja að allir samfélagsþegnar hafi nóg að borða.
- Rétturinn til „hvíldar og tómstunda“ er munaður sem aðeins auðug lönd hafa efni á.
- Það er ekki hlutverk stjórnvalda að gæta þess að fólk svelti ekki – heldur fólksins sjálfs!
- Það kemur alþjóðasamfélaginu ekkert við hvernig við komum fram við þegna okkar.
- Fátæk lönd ættu að einbeita sér að því að allir njóti grundvallarlífskjara áður en hugað er nánar að borgaralegum og stjórnmalalegum réttindum þegnanna.
- Efnahagsleg mismunun á háu stigi er brot á grundvallarmannréttindum.
- Félagsleg og efnahagsleg réttindi eru framtíðarhugsjón en ekki er hægt að tryggja slík réttindi í heiminum í dag.
- Ef ekki er hægt að tryggja réttindi þjónar engum tilgangi að hafa þau.